

FUNDARGERÐ

354. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 10. júní 2025 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Helgi Ómar Bragason (HÓB) varamaður, Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Undir liðum #6-8: Glúmur Björnsson – jarðfræðingur HEF

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

-
- | | |
|--|-----------------------------------|
| 1 Verkefni í gangi / áætlanir | |
| a. Fellabrún 1 | g. Vatn á Eiðum |
| b. Fjarvarmaveita á Seyðisfirði | h. Vatn á lðavöllum |
| c. Snjallmælavæðing | i. Vatnsveita Djúpavogs |
| d. Gatnagerð á Egilsstöðum | j. Djúpivogur – jarðhitaleit |
| e. Gatnagerð á Seyðisfirði | k. Borgarfjörður - miðlunartankur |
| f. Melshorn | |
| 2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, uppfærsla, orkuverð o.fl. | |
| 3 Fellabrún 1 – framkvæmdir og framhald | |
| 4 Verkefni og samvinna með Múlaþingi | |
| 5 Hreinsistöð fráveitu á Melshorni | |
| 6 Djúpivogur - jarðhitaleit | |
| 7 Eiðar – vatns- og hitaveita | |
| 8 Vatnsveita - skólaverkefni | |
| 9 Samorkuþing 2025 – uppgjör | |
| 10 Starfsmannamál og sumarleyfi | |
| 11 Önnur mál | |
| a. Jarðhitaleit í Eiðaþinghá – samningsgerð við landeigendur | |
-

1 Verkefni í gangi / áætlanir

a. Fellabrún 1

Sjá dagskrárlið 3.

b. Fjarvarmaveita á Seyðisfirði

Sjá dagskrárlið 2.

c. Snjallmælavæðing

Búnaður fyrir frekari prófanir á snjallmælum er í pöntun og reiknað er með að tilraunastarfsemi haldi áfram í sumar. Ef vel gengur verður farið í uppfærslur á mælum markvisst í haust.

d. Gatnagerð á Egilsstöðum

Framkvæmdum í Hjarðarhlíð er lokið og gatan malbikuð að óbreyttu á morgun.

Framkvæmdir í Bláskógum hefjast á næstu dögum. Íbúafundur hefur verið haldinn og Facebook síða kynnt íbúum.

e. Gatnagerð á Seyðisfirði

Lagning hitaveitu í Lækjargötu er að ljúka og reiknað með að gatan verði malbikuð öðru hvoru megin við næstu helgi.

f. Melshorn

Sjá dagskrárlið 5.

g. Vatn á Eiðum

Sjá dagskrárlið 7.

h. Vatn á Iðavöllum

Endurnýjun vatnstökubrunns lokið.

Í undirbúningi er miðlunarkerfi með þrýstiaukningu, tankur er á lager. Á að hjálpa til með slökkvivatn. Til upplýsingar.

i. Vatnsveita Djúpavogs

Gæðasýni voru tekin í maí. Beðið er niðurstöðu heildarefnagreiningar, en útlit og fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöður lofa góðu.

j. Djúpivogur – jarðhitaleit

Sjá dagskrárlið 6.

k. Borgarfjörður - miðlunartankur

Í vinnslu.

2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, uppfærsla, orkuverð o.fl.

Hola SEY-25 var boruð þann 17.-18. maí en borun var hætt í 120m sökum lágs hitastiguls.

Markmiðið var að finna stigul yfir 110°C/km en mælingar sýndu aðeins stigul uppá rúmar 70°C/km og borun því hætt. Stigullinn í kringum kaupstaðinn hefur áður mælst um 90°C/km en stefnt er á að endurmæla holur og meta hvaða skref skuli taka næst, en áframhald jarðhitaleitarinnar ræðst að hluta til af styrkveitingu úr Orkusjóði.

Áformað er að ráðast í endurbætur á stjórnkerfi rafskautaketils í húsnæði kyndistöðvarinnar á Seyðisfirði. Rafskautaketillinn hefur farið í gegnum margar útfærslur af stjórnkerfi en upphafleg stýring var hönnuð árið 1981 og er einhver búnaður frá þeim tíma, en annar nýrri. Stjórnkerfi er komið til ára sinna, með takmarkaðri sjálfstýringu og einungis örfáir einstaklingar vita hvernig á að stjórna honum.

Ljóst er að mikill hagur er í því að nýta núverandi mannskap frá RARIK, með áratuga reynslu, sem verður áfram í kyndistöð út sumarið, við þessa uppfærslu. Uppfærslan hjálpar okkur að auka yfirsýn yfir kerfið, gera það hagkvæmara í rekstri og minnka viðveru á staðnum, sem er mikilvægt á þessum tímapunkti.

Samskipti starfsmanna HEF við orkusölufyrirtæki hafa verið allnokkur frá í febrúar. Í þeim hefur komið fram að eitthvert svigrúm er til lækkunar orkuverðs frá núgildandi samningi um raforku á rafskautaketil fjarvarmaveitunnar. Því er framkvæmdastjóra falið að kalla eftir verði í raforku á ketilinn og til annarrar notkunar HEF. Á grundvelli hagstæðasta verðs verði gengið til samninga um

kaup raforku næstu misserin. Framkvæmdastjóri sagði upp núverandi samningi um orkukaup á rafskautaketil 30. apríl, en uppsagnarfrestur samningsins er 3 mánuðir.

3 Fellabrún 1 – framkvæmdir og framhald

Framkvæmdum í Fellabrún er nú að mestu lokið, fyrir utan loftræstingu og anddyri starfsmanna. Reiknað er með að því ljúki í sumar.

Verið er að skoða næsta áfanga í uppfærslu á skrifstofurými í Fellabrún 1, þ.e. norðurálma húsnæðisins sem nú er í útleigu. Framkvæmdastjóri falið að setja upp forsendur verkefnisins fjárhagslega og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

Þakviðgerðir eru einnig aðkallandi og niðurstaða stjórnar er að endurnýja skuli þakið fyrir haustið.

4 Verkefni og samvinna með Múlaþingi

Fulltrúar Framkvæmda- og umhverfismálasviðs Múlaþings hafa fundað með fulltrúum HEF um mögulega þátttöku HEF í rekstri varmadæla í tilteknum fasteignum sveitarfélagsins og umsjón og rekstur gatnalýsingar. Til kynningar.

5 Hreinsistöð fráveitu á Melshorni

Fyrir fundinum liggur fundargerð byggingarnefndar hreinsistöðvar 6. júní s.l., ásamt samningsdrögum við lægstbjóðanda í útboði til byggingar hússins sem rúma mun fyrsta áfanga hreinsistöðvarinnar. Tilboð voru opnuð 13. maí s.l. Framkvæmdastjóri hefur ásamt byggingarstjóra fundað með verktökum sem áttu tvö lægstu tilboðin í framkvæmdina.

Stjórn staðfestir niðurstöðu byggingarnefndar um að leitað verði samninga við lægstbjóðanda, um fráviksboð 1 – staðsteypt bygging, einangruð að utan með álbúðarkerfi og sléttri áklæðningu. Aðlögun útlits verði gerð í fullu samráði við aðalhönnuð.

6 Djúpivogur - jarðhitaleit

Tekin var ákvörðun um að dýpka holu 34. Hún var áður 204m og hitastigull neðan til 70°C/km og hiti kominn í 40°C. Borað var í æð á um 225m og hitaaukning stöðvaðist á því bili. Borað var í 298m áður en borun var hætt. Þetta er ekki samkvæmt væntingum, en er þó í takti við það sem líkanið spáði. Næst verður gerð önnur tilraun við að dýpka 25 en hingað til hefur það ekki tekist. Í botni hennar er mikil æð, en okkur langar til að komast niður fyrir hana til að sjá þróunina fyrir neðan. Mat verður lagt á hitamælingar til að ákvarða næstu skref. Eftir fund með ÍSOR í morgun þykir spennandi að dýpka holu 21 í kjölfarið. Hiti í holum 34 og 35 virðast mikið til fylgja spám líkansins hvað berghita varðar þó ekki hafi tekist að finna spennandi æðar.

Stjórn leggur áherslu á að verkefninu verið haldið áfram á fullum krafti.

7 Eiðar – vatns- og hitaveita

Fundur milli HEF og landeiganda á Ormsstöðum átti sér stað s.l. föstudag um möguleika á vatnstöku úr eyrum Gilár ofan túna á jörðinni. Farið var yfir samskipti sem starfsmenn HEF og formaður stjórnar átt undanfarnar vikur.

Stjórn felur jarðfræðingi HEF að sjá til þess að tilraun verði sem fyrst gerð til borunar í áreyrar Gilsár til að kanna fýsileika vatnstöku þar.

8 Vatnsveita - skólaverkefni

Síðan í vor hefur samtal verið í gangi við David Christian Finger sem er dósent við HR. Vilji er til þess að koma á fót doktorsverkefni um vatnsgæði í víðu samhengi á Austurlandi. Markmiðið væri að kanna umhverfisaðstæður fyrir vatnsból, koma upp mælistöðvum og hafa reglulegt eftirlit með

t.d. vatni sem síðar rennur í vatnsból okkar og einnig er verkfræðilegur vinkill m.t.t. uppsetningar og búnaðar í okkar litlu veitum. Við höfum gefið okkur fram sem samstarfsaðila og mikill vilji til að koma verkefninu á fót en rætt hefur verið að skaffa skrifstofupláss hér fyrir doktorsnemann, aðstoða við vettvangsvinnu og aðgengi að okkar gögnum. Kostnaðarþátttaka hafði ekki verið rædd fyrr en nýverið þegar HR skrifaði okkur samningsdrög. Kostnaðarrámmi þar er umfram það fjármagn sem HEF ætlar í verkefnið. HR var svarað um hæl að HEF væri viljugt og raunar spennt að taka þátt og kannað hvort ekki séu styrkir eða aðrir samstarfsaðilar sem geti tekið þátt á móti einhverju framlagi HEF.

Framkvæmdastjóra og jarðfræðingi falið að vinna áfram að málinu.

9 Samorkuþing 2025 – uppgjör

4 starfsmenn HEF sóttu Samorkuþing 2025, sem haldið var í Hofi á Akureyri 22.-23. maí. Þingið heppnaðist mjög vel, þjónustusalar kynntu vörur sínar í forsölum Hofs og færri fyrirlestrar komust að en hefðu viljað. Dagskráin var mjög þétt og fjölbreytt. Áhersla var á öryggis- og innviðamál orku- og veitugeirans. Til upplýsingar.

10 Starfsmannamál og sumarleyfi

Framkvæmdastjóri vinnur að frágangi ráðningarsamnings við iðnaðarmann, sem bætist í hóp „útimanna“ 7. júlí nk.

Þrjár umsóknir hafa borist um starf umsjónarmanns Fjarvarmaveitu á Seyðisfirði, sem framkvæmda- og verkefnisstjóri eru að vinna með.

Eins og gengur, eru starfsmenn nú og næstu vikurnar í og úr sumarleyfum. Yfirlit um sumarleyfi kynnt á fundinum.

Til upplýsingar.

11 Önnur mál

a. Jarðhitaleit í Eiðapínghá – samningsgerð við landeigendur

Landeigendur óskuðu eftir frestun fundar sem boðað var til í kjölfar síðasta fundar stjórnar (#353/3). Síðast funduðu aðilar 6. maí s.l. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar með landeigendum sem fyrst.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir

Undirritanir á næstu síðu.

